

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík 11. september 2020  
UST202009-083/A.B.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga – Deiliskipulag fyrir fjallaskála – Helgaskáli í Hrunamannahreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Hrunamannahrepps er barst 7. september sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Helgaskála í Hrunamannahreppi.

Í greinargerð kemur fram að innan lóðar er 73 m<sup>2</sup> gistiskáli, 49 m<sup>2</sup> hesthús, hestagerði, vatnsból og fráveita.

Einnig kemur fram að heimilt er að stækka núverandi gistaðstöðu um allt að 100 m<sup>2</sup>, byggja nýtt allt að 100 m<sup>2</sup> hús, stækka hesthús í allt að 100 m<sup>2</sup>, en heildar byggingarmagn getur verið 375 m<sup>2</sup>. Gisting getur verið fyrir allt að 50 gesti.

Í greinargerð kemur fram að innan lóðarinnar er votlendi sem nýtur sérstakrar verndar skv. lögum um náttúruvernd nr. 60/2013.

#### **Votlendi**

Votlendið sem er innan lóðarinnar liggur á milli byggingareits og vatnsbólsins. Í greinargerð kemur fram að gert er ráð fyrir að mannvirkjagerð leiði til eins lítillar röskunar svæðisins og mögulegt er og að land verði lagfært að framkvæmdum loknum og aðlagð að landi umhverfis.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að fjallað sé um umhverfisáhrif tillögunnar á votlendið og það komi fram hvaða leiðir verði farnar til þess að forðast rask votlendisins sbr. 61. gr. náttúruverndarlaga og hvaða valkostir séu skoðaðir. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á votlendi þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé

til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruvænna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. gr. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.


Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal leyfisveitandi, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent stofnuninni, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.



Axel Benediktsson  
sérfræðingur

Virðingarfyllst



Björn Stefánsson  
sérfræðingur